
Fyrirtækjaskólar og fræðsluefni Akademias



Akademias.

Akademias

Akademias er leiðandi í að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að gera lærdóm og fræðslu sem hluta af menningu. Akademias aðstoðar við þjálfun og menntun starfsfólk með hönnuðum lærdómsferlum, tengir fræðslu við stefnu félaga og hjálpar til við umsýslu kennslukerfa eins og Eloomi, Teachable o.fl. Við eigum mikið magn af kennsluefni sem stendur fyrirtækjum til boða en erum jafnframt stöðugt að bæta við safnið og framleiða áfanga fyrir og eftir óskum viðskiptavina.

Akademias er one-stop-shop þegar kemur að fyrirtækjafræðslu.

Þjónusta Akademias

- Greiningar og stefnumótun fræðslu
- Hönnun fyrirtækjaskóla og lærdómsferla
- Veitum aðgang að kennslukerfum sem eru rekin af Akademias
- Þjónustum kennslukerfi viðskiptavina
- Hönnun og framleiðsla á námsefni
- Mikið magn af tilbúnum áföngum
- Aðstoðum við að búa til ferla í kringum eftirfylgni og endurmat
- Rekum eina tæknilegustu skólastofu á Íslandi í Borgartúni 23 sem viðskiptavinir fá aðgang að

Fyrirtækjaskólar

Fyrirtæki og stofnanir geta fengið sinn eigin skóla hjá Akademias. Akademias setur þá upp skóla í útliti viðskiptavinar á léni tengt þeim. T.d. skoli.fyrirtæki.is. Verð getur verið óháð fjölda starfsmanna en Akademias getur jafnframt séð um alla umsjón og umsýslu (óháð kennslukerfi sem er valið). Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa einnig kosið einfaldari fyrirtækjaskóla en þá fá starfsmenn aðgang að einu eða fleiri námskeiðum í gegnum kennslukerfi Akademias en einnig er hægt að aðlaga útlit slíkra skóla, þegar starfsmenn hafa skráð sig inn, að vörumerki viðskiptavinar

Fræðsluefni

Fyrirtæki og stofnanir geta keypt aðgang að stökum, eða mörgum, námskeiðum frá Akademias fyrir starfsmenn. Námskeiðin er hægt að fá bæði inn í eigin kennslukerfi (t.d. Eloomi eða Teachable) en jafnframt er hægt að fá aðgang að námskeiðum fyrir alla starfsmenn í gegnum kennslukerfi Akademias. Sjá hluta af námsúrvali hér að neðan.

● Stafræn umbreyting

Microsoft Teams	290.000
Microsoft Planner	190.000
Microsoft Sharepoint	290.000
Microsoft Onedrive for business	190.000
Microsoft Outlook	190.000
Microsoft One Nore	190.000
Microsoft Office 365 í snjalltækjum	90.000
Microsoft Forms	90.000
Microsoft Excel grunnur	190.000
Microsoft Excel framhald	290.000
Google Workspace	190.000
Microsoft Power Platform (m.a. Power BI)	290.000
Það sem allir starfsmenn þurfa að vita um Gervigreind með Datalab	190.000

● Menning og heilbrigði

Í leit að starfi fyrir starfsfólk sem er að láta af störfum með Hagvangi	120.000
Heildræn heilsa (Andleg- og líkamleg heilsa á+ svefnvenjur). Tolli, Indiana og Dr. Erla	240.000
Mannauðsstjórnun og -breytingar	240.000
Stafræn umbreyting og leiðtogar	240.000
Tilfinningagreind og hluttekning	190.000
Samskipti og samræður	190.000

● Öryggi og eftirlit

Persónuvernd (það sem stjórnendur og starfsmenn þurfa að vita) með Lex	240.000
Netöryggisnámskeið með Deliotte. Það sem allir starfsmenn þurfa að vita og passa	190.000

● Leiðtoginn og skipulag

Að nýta aðferðafræði Coaching fyrir stjórnendur	190.000
Markmiðasetning með Dr. Erlu Björnsdóttur	190.000
Tímastjórnun og skipulag funda	190.000
Stjórnun lykilverkefna með OKR	240.000
Stjórnarhættir minni og meðalstjóra fyrirtækja	240.000
Stofnun fyrirtækja með KPMG	190.000
Verkefnastjórnun með Asana	240.000
Verkefnastjórnun og skipulag	240.000
Leiðtoginn og stjórnunarstílar	240.000
Stefnumótun og skipulag	240.000
Stjórnarhættir og sjálfbærni fyrirtækja	240.000
Fjármál og fjármálalæsi	240.000
Fjárfestingar og virðisstjórnun	240.000

● Markaðssetning og sala

Ofurþjónusta með Pétri Jóhanni	240.000
Pipedrive til að ná meiri árangri í sölu á fyrirtækjamarkaði	190.000
Tekjustýring og verðlagning	190.000
Almannatengsl, samskipti við fjölmiðla og krísustjórnun	190.000
Stjórnun markaðsstarfs	190.000
Framlínusala og sölustjórnun	190.000
Markaðsstarf í kreppu	190.000
Markaðsrannsóknir og greining	240.000

● Stafræn markaðssetning

Myndvinnsla með Photoshop	190.000
Auglýsingakerfi Facebook og Instagram	190.000
Google Ads (Auglýsingakerfi Google og Youtube)	190.000
Vefverslun með Shopify	190.000
Að búa til vefsíðu með Square space	190.000
Póstlistar með Mailchimp	190.000

Athugið að ef margir áfangar eru keypti saman er gert tilboð í heildarpakka með afslætti. Öll verð miðast við 12 mánaða leyfi óháð starfsmannafjölda.

Áfangar eftir óskum, upptökur og framleiðsla

Akademias býr til námsefni og framleiðir eftir óskum. Leikstjórar Akademias aðstoða einnig fyrirtæki og stofnanir við að framleiða námsefni sem er flutt af starfsfólki. Aðstaða í myndveri og starfsfólk Akademias aðstoðar þá starfsmenn við að flytja námsefnið með leikstjórn en „teleprompter“ og annar búnaðir hjálpa óvönnum kennurum að koma efni vel frá sér. Óski viðskiptavinur eftir áfanga um efni sem ekki er til getur Akademias komið með tillögu að uppbyggingu áfanga, vali á kennara auk þess að gera tilboð í heildarferlið (ásamt upptök og eftirvinnslu). Margir viðskiptavinir kjósa að eiga slíkt námsefni alveg fyrir sig en Akademias getur lækkað kostnað við framleiðslu á nýju námsefni með því að fá að bjóða öðrum viðskiptavinum það til kaups. Allar upptökur eiga sér stað í „Green Screen“ myndveri svo auðvelt er að aðlaga útlit, bakgrunn o.fl. að ásýnd viðskiptavina.

● Upptökur og framleiðsla

Upptaka (allt að 1 klst í upptöku + allt að 3 í eftivinnslu)	149.000
Viðbót við upptöku ef úr húsi	49.000

Ráðgjöf við kennslukerfi

Sérfræðingar Akademias hafa aðstoðað tugi íslenskra fyrirtækja og stofnanna við að gera þarfagreiningu og móta stefnu í fræðslumálum. Við aðstoðum við þarfagreiningu, skipulag, hönnun og innleiðingu. Við getum aðstoðað eftir þörfum en margir viðskiptavinir hafa kosið að Akademias sjái alveg um kennslukerfin sín. Þá sjáum við um alla umsýslu, framleiðslu, innsetningu á efni, notendastjórnun o.s.frv. allt eftir óskum.

Margar mannauðsdeildir hafa kosið þetta fyrirkomulag því þá breytist hlutverk mannauðsdeilda úr framleiðslu og framkvæmd í stjórnun og stefnumótun fræðslu.

Tímagjald Akademias er 19.900 kr. + vsk. Tilboð er gert ef um stærri verkefni eða lengri tíma verkefni er að ræða.

Innra markaðsstarf

Innra markaðsstarf er lykillinn að því að innleiðing á lærdómsmenningu verði farsæl. Fyrsta skrefið er að skilja menningu og taktinn í starfinu. Næsta skref er að tengja lærdóminn við starfið sem er nú þegar í gangi. Með þessum hætti verður lærdómur náttúrulegur hluti af öllu starfi en með því að leikjavæða svo fræðsluna verður hún ekki kvöð heldur ánægjuleg viðbót við starfið sem gerir vinnustaðinn skemmtilegri.

Á meðal viðskiptavina



Á meðal samstarfsaðila



Tengiliður Akademias

Guðmundur Arnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri · gudmundur@akademias.is · 844 2700